

14. MARS
2024

HARPA
ELDBORG

Kozhukhin leikur Brahms

GUL TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka

Via Dolorosa 9'

Dögun 12'

Sinfónía nr. 3 23'

Píanókoncert nr. 1 44'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum Hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Kozhukhin leikur Brahms

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 14. MARS KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Denis Kozhukhin
einleikari

Hafliði Hallgrímsson

Via Dolorosa, op. 59 (2024) *frumflutningur*

Hafliði Hallgrímsson

Dögun, op. 60 (2024) *frumflutningur*

Franz Schubert

Sinfónía nr. 3 í D-dúr, d 200 (1815)
Adagio maestoso – Allegro con brio
Allegretto
Menuetto. Vivace
Presto vivace

HIÉ

Johannes Brahms

Píanókonsert nr. 1 í d-moll op. 15 (1858)
Maestoso
Adagio
Rondo: Allegro non troppo

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen hefur verið aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníu-hljómsveitar Íslands frá árinu 2020. Hún er fyrsta konan til að gegna þeirri stöðu. Hún nam hljómsveitarstjórn við Sibeliusarakademiuna í Helsinki, sem útskrifað hefur marga afburða tónlistarmenn, en þar naut hún leiðsagnar Leifs Segerstam og Jorma Panula og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003, þá 21 árs að aldri. Tveimur árum síðar kom hún fyrst til Íslands til að starfa með Sinfóníu-hljómsveit Íslands og spannar samstarf hennar og hljómsveitarinnar því rúm 20 ár. Það ár stjórnaði hún framhaldsskólatónleikum hljómsveitarinnar með mjög skömmum fyrirvara og á árunum 2007–2010 stjórnaði hún þrennum áskriftartónleikum. Hún stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu í febrúar árið 2019 og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur einnig stjórnað virtum hljómsveitum víða um heim, þeirra á meðal eru Fílharmóníuhljómsveitir Los Angeles, Stokkhólms og að sjálfsgöðu Helsinki, Útvarpshljómsveitirnar í Noregi og Svíþjóð og Sinfóníu-hljómsveitir BBC og Baltimore. Hún hefur einnig stjórnað óperuflutningi, meðal annars við finnsku og dönsku þjóðaróperurnar og Konunglegu óperuna í Stokkhólmi. Eva þreytti frumraun sína á Proms-tónlistarhátíðinni árið 2022 þar sem hún stjórnaði meðal annars frumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA.

Hún hefur oft verið gestakennari við Sibeliusarakademiuna og hér á landi hafði hún frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til að spreyta sig með tónsprotann. Einnig hafa nokkrir ungir stjórnendur menntaðir við Sibeliusarakademiuna staðið á stjórnendapallinum í Eldborg.



Denis Kozhukhin

EINLEIKARI

Denis Kozhukhin (1986) er ein af skærustu píanóstjörnum síðari ára og hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir flutning sinn. Kozhukhin fæddist í Nizhny Novgorod í Rússlandi og byrjaði fjögurra ára að læra á píanó hjá móður sinni enda fæddur inn í fjölskyldu tónlistarmanna. Hann lærði síðan hjá Nataliu Fish við Tónlistarskólann í Balakirev. Hann fór til Spánar aðeins fjórtán ára og nam þar við Tónlistarskóla Soffíu drottningar í Madríd þar sem Dimitri Bashikirov var meðal kennara hans. Hann hélt svo áfram námi við Píanó-akademíuna við Como-vatnið þar sem hann naut leiðsagnar margra þekktara kennara. Árið 2010 hlaut hann fyrstu verðlaun í Píanókeppni Elísabetar drottningar í Belgíu og kom sér rækilega á kortið sem einn af fremstu píanóleikurum sinnar kynslóðar. Hann er nú belgískur ríkisborgari.

Kozhukhin hefur komið fram með mörgum af þekktustu hljómsveitum heims, eins og Sinfóníuhljómsveitum Chicago-borgar, Lundúna og San Francisco, Filharmóníusveitum Lundúna og Rotterdam, Konunglegu hljómsveitinni í Concertgebouw í Amsterdam, Staatskapelle í Berlín og helstu hljómsveitum Norðurlanda. Hann hefur einnig komið fram á tónlistarhátíðum víða um lönd, þar á meðal BBC Proms hátíðinni sem haldin er í Royal Albert Hall á hverju ári. Árið 2022 flutti hann þar píanókonsert nr. 2 eftir Rakhmanínov.

Árið 2019 kom Kozhukhin hingað til lands og flutti píanó-konsert nr. 2 eftir Prókofiev með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins var flutningur hans „einhver mesta flugeldasýning sem maður hefur upplifað í Eldborginni í Hörpu“. Til stóð að hann kæmi aftur í október árið 2020 en þeim tónleikum var aflýst vegna heimsfaraldursins. Því er einstaklega ánægjulegt að hann skuli vera kominn núna til að flytja píanókonsert Johannesar Brahms nr. 1.

Denis Kozhukhin gefur út hjá Pentatone.



Hafliði Hallgrímsson

VIA DOLOROSA DÖGUN

Hafliði Hallgrímsson hefur átt óvenjulega fjölbreyttan og viðburðaríkan feril bæði sem sellóleikari og tónskáld. Hann stundaði nám í sellóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan burtfararprófi 1962. Ári seinna sótti hann tíma hjá Enrico Mainardi í Rómaborg. Hafliði var meðlimur í Sinfóníuhljómsveit Íslands veturinn 1963-64 en innritaðist síðan í Royal Academy of Music í London og lauk þar námi árið 1967 og vann við útskrift Madame Suggia verðlaunin. Hafliði kom fyrst fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands 1966 og 1971 debúteraði hann í Wigmore Hall í London með einleikstónleikum við góðar undirtektir gagnrýnenda. Árið 1967 bauðst honum staða í Haydn-strengjatríóinu og var uppfrá því eftirsóttur í vel þekktu kammerhópa og kammerhljómsveitir í London, m.a. English Chamber Orchestra, Menuhin Festival Orchestra og Monteverdi Orchestra. Hafliði hefur allan sinn feril tekið þátt í flutningi á nýrri tónlist og var um árabíl meðlimur í The New Music Group of Scotland og Icelandic Canadian Ensemble.

Árið 1982 sagði Hafliði upp stöðu sinni sem sellóleikari í Scottish Chamber Orchestra til að helga sig tónsmíðum eingöngu. Hann stundaði nám í tónsmíðum hjá Dr. Alan Bush og Sir Peter Maxwell Davies. Tónsmíðar hans hafa verið leiknar víða um heim og nema nú tæplega 150 talsins. Hann hefur fengið ýmsar viðurkenningar fyrir verk sín, m.a. fyrstu verðlaun í alþjóðlegu Viotti-tónlistarkeppninni á Ítalíu, önnur verðlaun í alþjóðlegu Wieniawsk-tónlistarkeppninni í Póllandi og 1986 hlaut hann Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir fiðlukonsertinn *Poemi*.

Hafliði hefur samið tónverk fyrir byrjendur sem og umfangsmikil tónverk á borð við óratóriuna *Passíu* sem var pöntuð af Listvinafélagi Hallgrímskirkju og óperuna *Die Walt der Zwischenfalle* sem var pöntuð af Theatre Lübeck og Netzzeit í Vínarborg. Hún var flutt í Lübeck og Vínarborg

við góðar undirtektir gagnrýnenda og flutt nokkrum árum síðar í konsertuppfærslu á Listahátíð í Reykjavík.

Fjöldi einstaklinga, kammerhópa og hljómsveita hafa pantað tónverk hjá Hafliða, og ber þar hæst fjöldi pantana frá Scottish Chamber Orchestra, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur, Philharmonia in London, Norwegian Chamber Orchestra og Swedish Chamber Orchestra. Hafliði hefur samið einleikskonserta fyrir einleikara á heimsmælikvarða, m.a. Jaime Laredo, Truls Mørk, Lars Anders Tomter, Jennifer Pike, Evelyn Glennie og verk fyrir söngkonurnar Ragnhild Heiland Sörensen, Helena Juntunen og Jane Manning. Árið 2020 var óratórían *Mysterium* sem pöntuð var af Listvinafélagi Hallgrímskirkju, frumflutt á Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju af Schola cantorum, Módetukórnum, fjórum einsöngvurum og Hátíðarhljómsveit Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar. Hafliði hefur aðallega samið kammertónlist á undanfórnum árum og ber þar hæst *Lebenafries* sem pantað var af SsENS Trio í Osló.

Tónlistin á Íslandi

Via Dolorosa og Dögun eru frumflutt á tónleikum í kvöld.

Um verkin tvö segir Hafliði:

VIA DOLOROSA

Via Dolorosa er tileinkað minningu míns kæra vinar Hallsteins Sigurðssonar myndhöggvara.

Ég hef samið mörg tónverk til minningar um látna vini.

Um miðbik þessa verks vitna ég í dramatískan kafla í einu þeirra verka sem ber nafnið Via Dolorosa. Ég hef nú samið nýjan aðdraganda að þessum kafla svo og nýtt niðurlag sem endar hljóðlega.

DÖGUN

Í myrkri og þögn örlar á veikri birtu sem augun vart ná að nema. Landslagið vaknar af svefni, og ekkert er ásýndum eins og það sýndist vera.

Ofurhægt nær birtan yfirtökum og víðfeðmt sjónarspil lita ljóss og skugga leggur himininn undir sig og myrkrið leggur á flóttu.

Dögun nær endanlega höfn í bláum og himintærum D-dúr hljómi. Hann hljómar um stund en hverfur síðan út í tómið.

H.H.



Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljóm-
sveit Íslands flutti fyrst
Sinfóníu nr. 3 eftir
Schubert í Háskólabíói
árið 1963 undir stjórn
hins írsku Proinnsias
O'Duinn. Á árunum
1970 og 1971 flutti
sveitin sinfóníuna á
utanbæjartónleikum í
Keflavík, Grímsnesi og
Selfossi. Síðast hljómaði
sinfónían í flutningi
sveitarinnar árið 2005
undir stjórn Yuri Bashmet
á Listahátíð. Til stóð að
flytja verkið á tónleikum
í Eldborg í maí 2021 en
þeir féllu niður vegna
heimsfaraldursins.

Franz Schubert

SINFÓNÍA NR. 3 Í D-DÚR D 200

Franz Schubert (1797–1828) fæddist í úthverfi Vínarborgar og bjó í borginni alla sína tíð. Hann lærði fyrst hjá föður sínum og bróður en tók fljótlega fram úr þeim og náði ungur ótrúlegum þroska sem tónlistarmaður. Þegar hann var aðeins ellefu ára hóf hann nám við Ríkistónlistarskólann í Vínarborg sem kórdrengur þar sem hann kynntist hljóm-sveitarverkum Haydns, Mozarts og Beethovens sem átti eftir að hafa mikil áhrif á tónsmíðar hans. Þar heyrði Antonio Salieri í honum fyrst og kenndi honum síðar og studdi til náms auk þess sem Schubert naut stuðnings vina sinna.

Schubert naut ekki langlífis, var aðeins 31 árs þegar hann lést en ótrúlegt er að líta yfir verkalista hans – og þroski listamannsins sætir ekki síður tíðindum. Hann lét eftir sig mikinn fjölda verka, ekki síst sönglaga þar sem nefna má *Álfakónginn* og ljóðabálkana *Malarastúlkuna*, *Vetrarferðina* og *Svanasönginn* en einnig stórkostleg kammerverk eins og strengjakvartettinn *Dauðann* og stúlkuna og *Silungakvintettinn*. Eftir hann liggja sjö fullgerðar sinfóníur og sú ófullgerða, nr. 8 í h-moll, er meðal mest fluttu verka hans.

Franz Schubert samdi sinfóníu sína nr. 3 í D-dúr sumarið 1815, skömmu eftir að hann varð átján ára. Verkið er fjöruget og ungæðislegt og ber æsku tónskáldsins glögg merki. Hér má vel heyrja áhrif jöfra Vínarklassíkúrinna sem hann hafði kynnst sem ungur maður. Eftir því sem leið á feril Schuberts gætti æ meiri áhrifa frá Beethoven sem var samtímamaður Schuberts í Vínarborg og átrúnaðargoð hans. Einnig gættir áhrifa frá ítalska tónskáldinu Rossini sem var mjög vinsæll á þessum tíma.

Víða í sinfóníunni má heyrja hvernig Schubert notar sveitadansa. Hér má heyrja þýskan ländler, ítalska tarantellu og menuett og úrvinnslan er oft hröð og áköf. Uppbygging sinfóníunnar er hefðbundin og klassísk. Kaflarnir eru flestir á sönötuformi, Scherzo-kaflinn er á sínum stað og í lokin er hraður og ákafur Presto-kaflinn.



Johannes Brahms

PÍANÓKONSERT NR. 1 Í D-MOLL OP. 15

Johannes Brahms (1833–1897) hóf að semja verk fyrir píanó árið 1854 sem hann glímdi við í fjögur ár enda átti hann erfitt með að ákvarða hvaða form hentaði því best. Upphaflega var það sónata í þremur þáttum fyrir tvö píanó. Einhverju síðar var það orðið fjögurra þátta símfónía. Eftir að vinur hans, Julius Otto Grimm hafði skoðað verkið og komið með breytingatillögur, sendi Brahms góðum vini sínum, fiðluleikaranum Joseph Joachim, fyrsta þáttinn. Hann brást vel við og hrósaði honum og hvatti til dáða. Snemma næsta ár höfðu síðari þættirnir tveir verið samdir að hluta. Ákvörðun um að verkið skyldi verða píanókonsert var tekin á árunum 1855–1856 og enn leitaði hann til vinar síns um tillögur fyrir hljómsveitarútsetningu. Verkið var loks fullklárað árið 1858. Konsertinn var frumfluttur af Brahms sjálfum í janúar árið 1859 enda var hann píanóleikari í fremstu röð. Konsertinn hlaut dræmar viðtökur í fyrstu sem hafði mikil áhrif á tónskáldið. Hann var sagður of langur, of ómstríður og óþægilegur áheyrnar. Í þriðja sinn sem hann var fluttur hlaut hann aftur á móti skínandi viðtökur.

Á því tímabili sem verkið var sónata fyrir tvö píanó spiluðu þau Brahms og Clara Schumann það margoft saman. Brahms bar mikla virðingu fyrir Schumannhjónum enda var Clara bæði tónskáld og þekktur konsertpíanisti og Robert eitt af helstu tónskáldum samtímans. Brahms komst í kynni við þau með hjálp Joseph Joachim. Hann var mun yngri en þau, aðeins um tvítugt og stuðningur þeirra skipti sköpum fyrir feril hans. Hann var innblásinn af þeim hjónum þegar hann hóf að semja konsertinn. Robert lést á meðan verkið var í smíðum og var á geðsjúkrahúsi árin þar á undan en Brahms naut áfram stuðnings Clöru og vinátta þeirra entist ævilangt.

Konsertinn er óvenju langur eða 45–50 mínútur en aðrir píanókonsertar samdir á 19. öld yfirleitt í kringum 30–35 mínútur að lengd. Hann er þó mun styttri en píanókonsert Ferruccio Busoni sem var fluttur hér fyrir skemmstu en

Tónlistin á Íslandi

Fyrsti píanókonsert Brahms hljómaði fyrst í flutningi Sinfóníu-hljómsveitar Íslands í Þjóðleikhúsinu haustið 1960. Þá var hann fluttur af Rögnavaldi Sigurjóns-syni og á stjórnendapalli stóð Bodhan Wodiczko. Rögnavaldur lék verkið svo aftur með hljómsveitinni í Háskólabíói snemma árs 1965 undir stjórn Gustavs König. Aðeins rúmu ári síðar var konsertinn fluttur í Háskólabíói af Claudio Arrau með Sinfóníuhljómsveit Íslands, þá undir stjórn Wodiczko. Síðan þá hefur konsertinn hljómað nokkuð oft á tónleikum, t.d. flutti rússneski píanóleikarinn Dmitri Alexéev, konsertinn 23. janúar árið 1977 undir stjórn Giora Bernstein og 37. árum síðar, eða 23. og 24. janúar árið 2014 sat Víkingur Heiðar Ólafsson við flygilinn og flutti konsertinn undir stjórn Christian Mandeal.

hann sprengir alla skala, er um 75 mín að lengd. Sérstaða píanókonserts Brahms felst ekki síður í því að hann er ekki verk fyrir píanó með stuðning af hljómsveit, heldur leiðir hann í ljós tilraunir hans til stilla píanóinu og hljómsveitinni upp hlið við hlið, gera þau jafnrétt há. Þannig má segja að bæði eimi eftir af hinni klassísku sinfóníu sem verkið var á einhverjum tímamarki og sönötu fyrir tvö píanó.

Konsertinn er í þremur þáttum eins og hefðin býður. Sá fyrsti ber heitið Maestoso og er einstaklega stór í sniðum, allt er mikilfenglegt við hann. Strax í upphafi er eitt meginstef kaflans kynnt. Það er ekkert minna en stórbrotið og ákaflega dramatískt og myndi hæfa sem upphafið að stórri sinfóníu. Píanóið kemur ekki inn fyrir en tæpar fjórar mínútur eru liðnar af þættinum. Þegar það gerist breytist yfirbragðið og verður mun lýriskara og róar niður æsinginn í hljómsveitinni, að minnsta kosti til að byrja með. Þátturinn er á hefðbundnu sönötuformi og í raun mjög klassískur. Hann hefst á forleik í hljómsveitinni þar sem heyra má stefin kynnt, þá er eiginleg framsögn aðalstefsins, síðan úrvinnsla og ítrekun eins og lög gera ráð fyrir. Kaflinn endar svo á coda. Þrátt fyrir lengd kaflans er engin kadensa í honum.

Annar kaflinn, Adagio, er hægur og virðulegur og hefst á fallegu stafi þar sem strengir og fagott tvinnast saman. Óbóin bætast við áður en píanóið tekur yfir og kaflinn líður áfram fagur og draumkenndur. Tréblásarar og strengir halda áfram að setja mark sitt á kaflann þar til hann springur út með ákafa í allri hljómsveitinni.

Í upphafi þriðja kafla, Rondo: Allegro non troppo, er eins og píanóið taki stjórnina og er með mun stærra hlutverk framan af en í hinum köflum verksins. Hér er vitnað í Rondo-kaflann í 3. píanókonserti Beethovens og í lokahluta hans eru aftur greinileg áhrif frá Beethoven því þar má segja að andi 9. sinfóníunnar svífi yfir. Þar er einnig vitnað í fyrstu sinfóníu Brahms sem hann lauk aldrei við. Hér skiptist aðalstef kaflans á við nokkur smærri stef og á einum stað brýst fram fúga í strengjum þar sem bæði tóntegunda- og hrynbreytingar eru snöggar og áberandi.

Brahms samdi píanókonsert sinn nr. 2 svo ekki fyrir en tuttugu og tveimur árum síðar.

Ingibjörg Eyþórsdóttir

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiöla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Lin Wei
Andrzej Kleina
Joanna Bauer

2. fiöla

Gunnhildur Daðadóttir
Justyna Bidler
Ingrid Karlsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Þórdís Stross
Dóra Björgvinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir

Víóla

Rita Þorfiris
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson
Anna Elísabet Sigurðardóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Urh Mrak
Bryndís Björgvinsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Guðný Jónasdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarínnett

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Clara Manaud
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Maximilian Riefellner

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Túba

Tom Yaron Meyerson

Harpa

Katie Buckley

Píanó/Selesta

Liam Kaplan

Pákur

Alexander Radziewski

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskráargerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tæknimaður



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Barbara Hannigan og Mannsröddin

5. APRÍL

Barbara Hannigan snýr aftur í Eldborg og mun flytja margrómaða konsertuppfærslu sína á *Mannsröddinni*, óperueinleik Francis Poulenc. Ljóðræna og leikgleði Hannigan fær að njóta sín í söng jafnt sem hljómsveitarstjórn og verður tjáningu hennar varpað upp á tjald svo úr verður einstakt sjónarspil. Auk *Mannsraddarinnar* stjórnar Barbara Hannigan hinna tónaljóði Richards Strauss, *Metamorphosen*.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS